

Sveitarstjóri Dalir

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: fimmtudagur, 17. maí 2018 12:05
To: Eypór Jón Gíslason (Eypór Jón Gíslason (brekkuhvammur10@simnet.is)); Halla Steinolfsdóttir (Halla Steinolfsdóttir (hallasteinols@gmail.com)); Ingveldur Guðmundsdóttir (Ingveldur Guðmundsdóttir (ing.gudm@gmail.com)); Jóhannes Haukur Hauksson (Jóhannes Haukur Hauksson (johanneshh@simnet.is)); Sigurður Bjarni Gilbertson; Valdís Gunnarsdóttir; Porkell Cýrusson (Porkell Cýrusson (keli@audarskoli.is))
Subject: Laugar

Sæl verið þið

Með tölvupósti 20. apríl gerði Þórhallur athugasemdir við afgreiðslu sveitarstjórnar á fundinum 17. apríl sl. og óskaði eftir fundi með sveitarstjórn. Að ráði lögfræðings Dalabyggðar áttum við Jóhannes oddviti og lögfræðingurinn fund með Þórhalli og lögfræðingi hans.

Þar kom fram sú skoðun Þórhalls og co að sveitarstjórn hefði farið fram úr sér með því að slíta viðræðunum þar sem kaupsamningarnir sem fyrir lágu hafi verði drög til umræðu en ekki endanlegir samningar til samþykktar eða synjunar. Úr þessu verður ekki skorið nema fyrir dómstólum komi til þess að málinu verði vísað þangað.

Þann 13. maí sl. kom síðan tölvupóstur frá Þórhalli þar sem hann leggur til nýja útfærslu á sölunni þar sem hann uppfyllir kröfu Dalabyggðar um að seljendalán verði ekki neðar en á 2. veðrétti. Veðlánið á undan er frá Byggðastofnun og öll upphæðin sem þar er lánað fyrir rennur til Dalabyggðar.

Þetta hefur eitthvað spurst út í samfélagið eins og gerist og gengur. Nú er spurningin hvort ég á ekki að setja frétt á dalir.is þar sem þessar upplýsingar koma fram þannig að allir frambjóðendur séu með ca sömu upplýsingar. Þetta gæti verið svona:

Laugar og Sælingsdalstunga

Á fundi sveitarstjórnar 17. apríl sl. var samþykkt að slíta viðræðum við Arnarlón ehf. um sölu á eignum Dalabyggðar m.a. vegna ágreinings um veðröð lána. Fulltrúar Arnalóns ehf. hafa gert athugasemdir við þessa afgreiðslu þar sem um hafi verið að ræða drög að samningum til umræðu en ekki endanlegir samningar til samþykktar eða synjunar. Úr þessu fæst ekki skorið nema fyrir dómstólum.

Þann 13. maí sl. lagði Arnarlón ehf. fram tillögu að lausn á málinu án þess að um nýtt tilboð sé að ræða. Tillagan felst í því jörðin Sælingsdalstunga verði undanskilin í viðskiptunum og kaupverð lækki sem nemur hluta jarðarinnar í tilboðinu. Hins vegar fái Arnarlón kauprétt á þeim hluta Sælingsdalstungu sem ætlaður er fyrir frístundahúsabyggð og golfvöll. Kauprétturinn gildi til ársloka 2022 og kaupverð verði hið sama og hlutur jarðarinnar í tilboðinu. Verði kauprétturinn ekki nýttur hafi Arnarlón forkaupsrétt að þessum hluta jarðarinnar. Megin hluti jarðarinnar Sælingsdalstungu (um 2.465 ha. af um 2.830 ha.) verður þá undanskilinn í sölunni þar með megnið af beitarlandi. Seljendalán Dalabyggðar verður á 2. veðrétti á eftir láni Byggðastofnunar.

Málið verður til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar 24. maí nk.

Sveitarstjóri

